

Borgarstjórn
19. júní 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflókks Íslands um stofnun félags strætófarþega

Lagt er til að borgarstjórn beiti sér fyrir stofnun félags strætisvagnafarþega og tryggi fulltrúum þess áheyrnarsetu í stjórn Strætó bs.

Greinargerð:

Strætisvagnafarþegar búa við valdleysi og eiga erfitt með að hafa áhrif á þjónustu Strætó bs. Þetta hefur leitt til verri þjónustu Strætó og óþarfa óþæginda fyrir farþega. Til að auka vald farþega hjá Strætó og tryggja að þarfir þeirra og væntingar móti uppbyggingu þjónustunnar í framtíðinni er lagt til að borgarstjórn stuðli að stofnun félags farþega hjá Strætó og tryggi að þrír fulltrúar þess félags fái rétt til að sitja sem áheyrnarfulltrúar í stjórn Strætó bs.